

VORIÐ ER EINS OG HVÍTVOÐUNGUR



Flytjendur sonnettanna Helga Magnúsdóttir, Júlía Wramling, Ásta Schram, Þorbjörn Rúnarsson, Herbjörn Þórðarson og Suncana Slamning.



Um síðustu helgi voru haldnir tónleikar að Skriðuklaustri í Fljótsdal. Frumflutt var tónlist Keiths Reed, óperusöngvara og tónlistarkennara á Egilsstöðum, við fimm sonnettur eftir Gunnar Gunnarsson. **Steinunn Ásmundsdóttir** fór að Skriðuklaustri.

SKÚLI Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar í Skriðuklaustri, flutti stutta tölu fyrir tónleikana og minntist meðal annars á að Gunnar Gunnarsson hefði ekki aðeins verið mikið sagnaskáld, heldur einnig afburðaljóðskáld. Til dæmis voru fyrstu bækur Gunnars tvö lítil ljóðakver sem hann fékk útgefin árið 1910, aðeins sautján ára gamall, og árið eftir var gefið út eftir hann ljóðasafn í Danmörku, ort á danska tungu.

Sonnettan vandasamt form

Skúli sagði frá því að árið 1912 hefði Gunnar ort á dönsku ljóðaflokkinn Sonnettu sveig, Um Zisku og vorið. Þetta er síðrómantískur ástaróður ungs skálds til sinnar heittelskuðu; Franziscu Antoníu Jósefinu Jörgensen, sem síðar varð eiginkona hans. Ljóðformið er eitt hið erfiðasta sem skáld takast á við; sveigur sem fléttast úr fimmtán sonnettum. Hver sonnetta hefur fjórtán ljóðlínur, fimm öfugar tvíliður, tvær ferhendur og tvær þríhendur. Ferhendurnar ríma innbyrðis og einnig hvor við aðra og hið sama gera þríhendurnar. Sveigurinn binst þannig, að lokalína hveirrar sonnettu er jafnframt upphafslína þeirrar næstu. Síðasta sonnettan, sú fimmtánda, er síðan gerð úr upphafslínunum allra hinna fjórtán í rétttri röð. Fyrir vikið verður fyrsta lína fyrstu sonnettu einnig lokalína þeirrar fjórtánda. Þýðandi ljóðaflokksins, Helgi Hálfðanarson, breytti því einu frá frumformi sonnettanna að setja íslenska stuðlasetningu í stað endaríms.

Tónlistin frumflutt í sparistofu skáldsins

Á tónleikunum voru flutt lög við fyrstu, sjöttu, áttundu, elleftu og fjórtánda sonnettu, en hinar níu voru lesnar upp á milli við undirleik. Fyrsta sonnettan var sungin af fimm söngvurum, þeim Ástu Schram, Helgu Magnúsdóttur, Herbirni Þórðarsyni, Júlíu Wramling og Þorbirni Rúnarssyni. Júlía, Suncana Slamning, Þorbjörn og Keith sungu svo hvert sína sonnettuna. Keith spilaði undir, en Suncana sá um undirleik við söng Keiths. Tónlistin er samtímatónlist undir nýrómantískum áhrifum og gerðu tónleikagestir ákaflega góðan róm að flutningnum. Að loknu stuttu ávarpi Keiths voru

sonnettunar fimm fluttar aftur. Tónleikarnir fóru fram í gömlu sparistofunni á Skriðuklaustri og má þannig með sanni segja að ekki hafi verið hægt að hugsa sér betur viðeigandi umhverfi til frumflutnings tónlistar við ljóð Gunnars.

Hreifst af tilfinningadýpt og rómantík ljóðanna

Keith Reed fékk hugmyndina að semja tónlist við sonnettunar, þegar hann dvaldist í lista- og fræðimannsíbúðinni í Skriðuklaustri fyrir þremur árum. Þar rak á fjörur hans bók með ljósprentuðu handriti að Sonnettu sveig, Um Zisku og vorið. Handritið að ljóðaflokknum færðu feðgarnir Gunnar skáld og Gunnar listmálari, sem myndskreytti ljóðin, Franziscu að gjöf á silfurbrúðkaupsdegi þeirra hjóna árið 1937. Handritið var ljósprentað og gefið út á bók árið 1989 í tilefni af aldarafmæli skáldsins.

Keith segist hafa hrifist af tilfinningadýpt og rómantík ljóðanna og því að textinn sjálfur og faguð orðnotkunin beri með sér blæ frá öðrum tímum.

Um tónlistina sjálfa segir hann að sér hafi verið mikilvægt að vera trúr andblæ ljóðanna, sem séu eins og vorið í eðli sínu. Vorið, sem sé dásamlega ófullkomið, eins og nýtt og viðkvæmt samband karls og konu, þrungið lífi og án róta reynslunnar. Gunnar segir sjálfur í einni sonnettunni að vorið sé eins og hvítvoðungur og Keith reynir að endurspeglja þetta bernska og brothætta óöryggi í tónlist sinni.

Hann segir að söngurinn sé eins og óafturkræft listaverk og byggist á sama grunni og íþróttafrek: Listamaðurinn syngi fyrir fólkið í salnum hér og nú, list á punktinum og hvorki hægt að breyta né taka til baka. Þessi feiknarlega krefjandi rammi sem tónlistin lífi í gefi ómengaðan sköpunarkraft, en sé jafnframt það erfiðasta sem til er í listsköpun.

Keith Reed fæddist í Bandaríkjunum. Hann lauk BA-prófi í tónlist og kórstjórn árið 1984 og mastersprófi með óperusöng sem aðalgrein frá Indiana-háskóla í Bloomington 1989. Það ár giftist hann Ástu B. Schram sem einnig stundaði nám við skólann og fluttu þau til Íslands. Þau eiga fimm börn. Frá árunum 1989-1992 söng Keith ýmis óperuhlutverk hjá Íslensku óperunni og kenndi auk þess söng við Söngskólann í Reykjavík og á fleiri stöðum. Haustið 1992 var honum boðinn samningur við óperuhúsið í Detmold í Þýskalandi. Þar söng hann hlutverk í ýmsum óperum. Á meðan hann dvaldi í Þýskalandi kom hann oft heim til Íslands til að taka þátt í óperuflutningi þar og halda einsöngstónleika. Haustið 1996 flutti Keith til Egilsstaða ásamt fjölskyldu sinni. Hann er nú yfirmaður og kennari söngdeildar Tónlistarskóla Austur-Héraðs, auk þess að stjórna kórum og setja upp óperur hjá Óperustúdíói Austurlands, en hann var einn helsti hvatamaður að stofnun þess.

Keith sagði að lokum að hann langaði til að semja lög við allar sonnettunar fimmtán og að það myndi honum takast á einhverjum ótilgreindum tíma í framtíðinni.



Keith Reed er frumkvöðull og listrænn stjórnandi tónlistarhátíðarinnar Bjartar nætur í júní, en hátíðin hefst á morgun.

Óperustúdíó Austurlands stendur fyrir tónlistarhátíðinni Bjartar nætur í júní, dagana 8.-16. þ.m., en þetta er í fjórða sinn sem slík hátíð er haldin. Steinunn Ásmundsdóttir fréttaritari segir frá hátíðinni og ræðir við stjórnandann, Keith Reed.

SPRENGIKRAFTUR sköpunarinnar, Keith Reed, stofnandi Óperustúdíósins og Kammerkórs Austurlands, er sem fyrr listrænn stjórnandi hátíðarinnar Bjartra náttu í júní. Inntur eftir verkefnavali segir hann tónlist Mozarts svo undurfallega og auðskiljanlega hverri manneskju, óháð aldri. "Ég hrífst sérstaklega af óperunum," segir Keith, "sem, auk klassískrar ögunar, einkennast af ákveðnum umfjöllunarefnum blöndnum hrjúfu skopi, ljúfri gamansemi og gráalvarlegum undirtóni. Þær eru gjörólíkar rómantískum stórhljómsveitaóperum annarra tónskálda, sem margar eru þannig, að lítt reyndir söngvarar ættu ekki að reyna við þær. Klassískar óperur Mozarts eru meira eins og kammarmúsík og gefa ungum söngvurum svo miklu víðara svigrúm til að finna sig í söng og sviðsframkomu."

Keith segir verkefni óperusöngvarans að bjóða hlustandanum inn í tónlistina án áreynslu og ná að snerta líf hans. Það sé jafnframt mjög mikil og erfið áskorun fyrir söngvara að miðla tónlist þannig að hann sjálfur sé ekki í veginum, ekki aðalatriðið, heldur skipi tónlistin alltaf öndvegi. "Ég bið söngvarana mína að hugsa stöðugt um það hvernig og hvers vegna þeir gera það sem þeir gera. Þetta snýst ekki um hvað fólk gerir við tónlist, heldur hvað tónlistin gerir við fólk. Óperustúdíóið er smiðjan þar sem allt er í mótun og frumsýning ekki endanleg útgáfa, heldur skref á þeirri leið að færa áhorfendum þróttmikla og lifandi listsköpun."

A capella og Mozartveisla

Á tveimur æfingavikum hefur Keith sett saman í eina heild "foræfða" söngvara, hljómsveit og kór og segist stórefast um að slíkt fari fram á viðlíka hraða annars staðar í veröldinni. "Og svo spyr ég þau eftir á hvort þau telji sig vera betri, opnari og meiri manneskjur eftir þessa sköpunartörn," segir Keith. "Ef ekki, þá erum við að sóa tíma okkar."

Á tónlistarhátíðinni kennir fleiri grasa, því Kammerkór Austurlands syngur a capella, eða án undirleiks, í Egilsstaðakirkju 10. júní kl. 20 og í Fríkirkjunni í Reykjavík 24. júní á sama tíma. Flutt verða verk eftir Barber, Poulenc, Þorkel Sigurbjörnsson, Gunnar Reyni Sveinsson og Knut Nystedt. Kammerkórinn fer sem fulltrúi Íslands á kóramót Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í Litháen í lok mánaðarins og flytur þar þessa sömu dagskrá. Hinn 12. júní verður svo sannkölluð Mozartveisla í Eskifjarðarkirkju, þar sem fluttir verða óperuforleikir, þrjú einleikskonserter, einsöngsáriur og dúettar úr

óperum. Flytjendur eru hljómsveit óperunnar, Ari Þ. Vilhjálmsson fiðluleikari, Stefán Bernhardsson á horn, Pál Barna Szabo á fagott og flestir einsöngvarar óperunnar. Tónleikarnir hefjast kl. 20.

Mig langar að syngja

Keith og kona hans, Ásta Bryndís Schram, hafa staðið fyrir geysiöflugu tónlistarstarfi og kennslu á Austurlandi síðan þau fluttu til Egilsstaða fyrir 6 árum. Hann segir þennan tíma hafa verið mjög ánægjulegan og mikinn skóla, en ekki síst tækifæri til að íhuga eigin þroskaferil og markmið í lífinu. "Mig langar vissulega að syngja. Ég er á besta aldrinum til þess núna sem bassabarátt. En í augnablikinu hvíli ég langanir mínar og við komum ekki síst hingað til að ala börnin okkar upp í heilnæmu umhverfi. Þegar því sleppir er ekki gott að segja hvað verður. Eða hvað verður um Óperustúdíóið, sem er auðvitað umbreytanlegur hlutur. Það er fyrir mér sem öflugt verkfæri dagsins í dag, verkfæri til að fá ungt tónlistarfólk til að nema staðar og hlusta á sjálf sig og veröldina umhverfis."

Keith segir að þess misskilnings gæti eystra að Óperustúdíóið njóti mikilla styrkja og sigli orðið lygnan sjó í fjármögnun hátíðarinnar. Menningarráð Austurlands styrkti hátíðina í ár um 2,5 milljónir króna, en sú styrkveiting færðist nýlega frá ríki til ráðsins. Auk þess nýtur hátíðin ýmissa mun smærri styrkja og brúa þarf bilið með aðgöngueyri að viðburðum. Áætlaður kostnaður Bjartra náttu í júní er um 7,5 milljónir. Þess má að lokum geta að Keith var nýlega útnefndur bæjarlistamaður Austur-Héraðs.

Heimasíða Óperustúdíósins er www.austur.is/opera þar sem má nálgast frekari upplýsingar um Bjartar nætur í júní.